



Til menntaráðs

Kópavogi, 2. maí 2025
2504189/002.01 ABS

Efni: Samantekt á forvarnarstarfi sem unnið er á Menntasviði Kópavogsbæjar

Á fundi bæjarráðs dags. 27.mars 2025 var óskað eftir kynningu á 1.stigs forvörnum sem bærinn sinnir.

Kópavogsbær leggur ríka áherslu á forvarnarstarf með heildstæðum aðgerðum sem ná yfir skóla- og frístundastarf, ráðgjöf, stuðning og foreldrafræðslu. Verkefnin byggja á samþættingu þjónustu og skýrum viðmiðum um öryggi og vellíðan barna og ungmenna í bænum. Verkefni og aðgerðir endurspeglast í starfi allra stofnana menntasviðs.

Samantektin er ekki tæmandi upptalning á öllu því fjölbreytta forvarnarstarfi sem sinnt er á sviðinu, hér er aðeins tiltekið það helsta.

1. stigs forvarnir – Skilgreining

Í vinnu að forvörnum innan skóla- og frístundastarfs er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu:

- **1. stigs forvarnir** (primary prevention): Almennar aðgerðir sem miða að því að fyrirbyggja áhættuhegðun, með því að styrkja verndandi þætti og efla heilbrigðan lífstíl og jákvæða hegðun hjá börnum og ungmennum m.a. í gegnum fræðslu, skipulagt íþróttar- og frístundastarf og ráðgjöf.

Farsældarlög – Samþætting þjónustu

Í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er þjónusta flokkuð í þrjú þjónustustig. Hér er 1.stigs þjónusta skilgreind, en í lögnum eru m.a. félagsmiðstöðvar sérstaklega tilgreindar sem þjónustuveitendur.

- **1. stig:** Grunnþjónusta fyrir öll börn í skólum og frístundastarfi, m.a. forvarnir, aðgerðir gegn einelti, ofbeldi og efling jákvæðs skólabrags.

Viðmið um forvarnaráætlanir í skóla- og frístundastarfi

Í kjölfar þingsályktunar Alþingis frá 2021 hefur Kópavogsbær unnið að samræmdum viðmiðum um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í grunnskólum og frístundastarfi.

Meginatriði viðmiða:

- Skólar og frístundastarf skulu hafa skýra forvarnaráætlun sem samræmist Aðalnámskrá og felur í sér fræðslu og forvarnir á öllum skólastigum
- Áætlunin byggir á þremur áherslum: **Heilsuefling, Öryggi og Fjölbreytileiki**
- Áhersla er lögð á samvinnu milli skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva
- Áhersla er lögð á að fræðsla til foreldra og starfsfólks sé tryggð með markvissum og reglubundnum hætti

Næsti áfangi um viðmið forvarnaráætla verður með áherslu á einelti og vímuefnaforvarnir.



Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi í stofnunum menntasviðs

Árið 2023 vann starfshópur á menntasviði að 17 aðgerðum sem ætlað er að draga úr ofbeldi innan stofnana menntasviðs á tímabilinu 2024–2026.

Aðgerðir ná m.a. til:

- Fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsfólks
- Ráðgjafar og stuðnings við börn og ungmenni
- Söfnunar gagna um atvik og tölfræði ofbeldis í skóla- og frístundastarfi
- Samstarfs milli lykilaðila í skóla- og frístundastarfi

Sálfræðipjónusta og ráðgjöf fyrir nemendur

Til að tryggja snemmtækan stuðning og bæta aðgengi að sálfræðipjónustu fá nemendur í 8.–10. bekk:

- Fræðslu um geðrækt
- Boð um trúnaðarráðgjöf hjá sálfræðingi án aðkomu foreldra
- Möguleika á áframhaldandi greiningu/meðferð ef þörf er á
- Ráðgjöf fer fram í trúnaði og í samvinnu við foreldra þegar við á
- Við skólana starfa fyrir utan sálfræðinga einnig hjúkrunarfræðingar, námsráðgjafar og tómstunda- og félagsmálafræðingar

Þróun og nýting mælaborðs barna í Kópavogi

- Kópavogsbær vinnur að þróun mælaborðs sem safnar gögnum um lykilþætti í lífi barna sem eru menntun, heilsa, félagsleg þátttaka og öryggi
- Mælaborðið styður við stefnumótun og ákvarðanatöku með það að markmiði að bæta lífsgæði barna og tryggja þeim jöfn tækifæri til farsældar
- Gögnin hafa verið nýtt til að:
 - Forgangsraða verkefnum í þágu barna
 - Tryggja markvisst viðbrögð við raunverulegri þörf
 - Taka upplýstar ákvarðanir í þágu barna og fjölskyldna þeirra

Tákn barnaverndar

Börn í 1.-10. bekk í Kópavogi geta haf samband við Barnavernd Kópavogs með því að smella á hnapp í spjaldtölvunni sinni.

- Markmið með hnappnum er:
 - Auðvelda börnum að tilkynna um áhyggjur sínar, ofbeldi, vanlíðan, áreitni og áhættuhegðun þeirra sjálfra eða vina sinna

Réttindaskóli- og frístund

Í aðgerðaráætlun menntastefnu 2025 er áfram unnið að því markmiði að allir skólar, frístundir og félagsmiðstöðvar í Kópavogi fái og viðhaldi viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli- og frístund.

- Markmiðið með verkefninu er:
 - Vinna markvisst með einum af grunnþáttum íslenskrar menntunar, lýðræði og mannréttindi
 - Áhersla lögð á barnaréttindafræðslu fyrir jafnt börn sem fullorðna
 - Réttindaskóli og frístund styður vel við markmið um menntun, jákvæðan skólabrag og farsæld barna



Ein af aðgerðum í aðgerðaráætlun menntastefnu 2025 er að kortleggja stöðu foreldrafræðslu í Kópavogi. Leitað verður eftir:

- Sjónarmiðum foreldra og starfsfólks um þarfir um fræðslu
- Tillaga að heildstæðri fræðsluáætlun fyrir foreldra barna á aldrinum 0–18 ára liggja fyrir í lok árs.

Fjölbreytt framboð er í dag af námskeiðum, fræðslu og kynningum fyrir foreldra með áherslu á uppeldisaðferðir og félagslega þætti eins og ADHD, kvíða og félagslega styrkingu barna.

Frístundastarf fyrir öll börn og ungmenni á aldrinum 10-25 ára

Frístundastarf hefur forvarnar-, félagslegt, menntunar- og afþreyingargildi. Starfið er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og ungmenna í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Markmið og áherslur:

- Forvarnarvinna með viðhorf og atferli barna og ungmenna til að stuðla að heilbrigðum lífsstíl
 - Stuðningur við félagsfærni, efling sjálfsmyndar, sköpunar og heilsu
 - Skipulagt frístundastarf veitt af fagfólki í öruggu umhverfi, með miklu forvarnargildi
 - Bjóða upp á jákvæð viðfangsefni og verkefni í frístundastarfi með sterkum og jákvæðum fyrirmyndum
 - Áhersla lögð á að börn og ungmenni kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun
 - Skýr afstaða í öllu frístundastarfi gegn vímuefnaneyslu og óæskilegri hegðun
 - Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og ungmenna sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
-

Íþrótta- og frístundastarf

Allir með

Íþróttafélög í Kópavogi taka þátt í verkefninu Allir með þar sem markmiðið er að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna, að öll börn eigi þess kost að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi. Verkefnið er hluti að aðgerðaráætlun menntastefnu 2025 og er unnið í samstarfi við ÍSí, UMFÍ og ÍF.

Vertu með

Markmiðið með verkefninu er að efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi. Verkefnið er unnið í því skólahverfi þar sem nýting frístundastyrks er lítil á meðal barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn, og þannig koma betur auga á þau börn sem þurfa sérstaka hvatningu til þátttöku í íþrótta- og frístundastarfi.

Frístundastyrkur

Veittur er frístundastyrkur fyrir börn á aldrinum 5-18 ára vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi. Tilgangur með frístundastyrk er að öll börn á aldrinum 5-18 ára í Kópavogi geti tekið þátt í uppbyggilegu íþrótta- og frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Ráðstöfun fjármagns til barna- og unglingastarfs íþróttafélaga

Á ári hverju úthlutar Kópavogsbær iðkendastyrkjum til íþróttafélaga í Kópavogi með hverjum iðkanda á aldrinum 5-19 ára. Auk þess leggur Kópavogsbær mikinn metnað í að standa vörð um íþrótta- og frístundastarf með frábærri aðstöðu fyrir börn og unglinga með rekstri íþróttamannvirkja, íþróttahúsa og sundlauga.



Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

